



Óhuggulegar skuggahliðar Amazon



Hvern langar til að verða þræll snjalltölvustýrðs heims sem eingöngu þjónar eigendum þeirra? Þá getur hann einfaldlega sest í sófann og spallað við Alexu. En þeim sem finnst persónulegt samband við samferðafólk sitt mikilvægara en þægindi, hann verslar í grenndarbúðinni og gerir þessa heimildarmynd hér að umræðuefni. Þannig verður til hreyfing sambandsmiðaðs fólks sem eltir upp lífið sjálft og stoppar þessa nafnlausu og mannskemmandi samsteypustýringu !

„3, 2, 1, mitt“ – þessi auglýsingafrasi frá eBay hefur árum saman verið fulltrúi þessháttar neysluhegðunar þar sem þú uppfyllir innkaupaóskir þínar með nokkrum músarsmellum. En þessi tækni var þróuð áfram. Hinn dekraði neytandi dagsins í dag mælir bara úr sófanum þessi orð: „Alexa, komdu með bjór!“, og varan er komin – oft samdægurs og brátt m.a.s. innan fárra mínútna. Lítil taltölva netvædda viðskiptaveldisins Amazon gerir þetta mögulegt. Hún hlýðir nafninu „Alexa“ og hefur fundið sér leið inn í stofu milljóna neytenda. Einkalíf heimilisins er liðin tíð. Alexa hlustar einfaldlega á allt sem er talað heima. Um leið og lykilorðið „Alexa“ er nefnt framsendir hún heilu samræðurnar til Amazon. Þetta er ekkert eftirlitsvætt alræðisríki, heldur „bara“ fyrirtæki sem hefur aðgang að einkaheimilum gegnum internetið langt útyfir öll landamæri – veröld ný og góð! Svo gríðarlega þægilegt að maður skynjar ekki hinar óhuggulegu skuggahliðar þessarar þróunar, nú eða langar ekki að sjá þær. En Kla.TV upplýsir með þessari útsendingarröð umfang þeirra und sýnir fram á praktískar útleiðir.

Stórmarkaður sem gerir þig gagnsæjan

Í ársbyrjun 2018 opnaði Amazon í USA fyrsta hátækni-stórmarkaðsútibúið sitt í línunni Amazon Go. Hugmyndin þar að baki var engin bið við kassana, engar greiðslur með reiðufé, ekkert aðstoðarfólk í búðinni. Einungis er þörf fyrir app og reikning hjá Amazon. Amazon yfir öllu. Í búðinni nær kúnninn sér einfaldlega í það sem hann langar og yfirgefur síðan verslunina. Kvittunin kemur í pósti. Amazon upplýsir ekki hvernig þetta virkar nákvæmlega.. Peter Schaar, persónuverndarfulltrúi þýska sambandsríkisins gagnrýnir að ekki sé mögulegt fyrir viðskiptavinum Amazon-Go-verslunar að átta sig á hvaða upplýsingum sé safnað og hvað gerist með þær. Öruggt er að í búðinni er fjöldi myndavéla og skynjara. Á þann máta er fylgst algjörlega með hegðun kúnnans og hún vistuð. Vinnuhugmynd Amazon-go matvöruverslunarinnar passar þannig fullkomnlega inn í herkænsku fyrirtækisins að gera kúnnann algjörlega gagnsæjan. [4]

*notendaforrit á snjallsíma

Amazon yfir öllum...

Amazon býður líka öðrum seljendum þjónustu sína eins og t.d. með greiðsluþjónustunni Amazon Pay,– og útvíkkar þar með forustustöðu sína á heimsvísu. Þannig getur Amazon fylgst með innkaupum utan sinnar eigin samsteypu og safnað þar tilheyrandi persónuupplýsingum.

Upprisa risans

Jeffrey Preston Jorgensen öðru nafni Jeff Besos fæddist 1964. Eftir að hafa lokið háskólaprófi í toppháskóla í Bandaríkjunum vann hann á Wall Street og gat þar sannfært læriföður sinn að fjárfesta í verkefninu „netverslun“. Til að byrja var íhugað að nota nafnið

relentless.com sem þýðir gallharður, miskunnalaus en síðan var Amazon sett í staðinn – nefnt eftir Amazon vatnsmesta fljóti heims. Í dag á Jeff Besos ekki eingöngu stærsta vöruhús heims heldur hefur hann með yfirtöku á Washington Post náð völdum innan fjölmiðlaheimsins. Þar að auki sendir Besos geimskip út í geim með fyrirtækinu sínu Blue Origin, honum tilheyra 45 prósent allra rafrænna skýja - sem er netþjónusta sem býður upp á reikni- og vistunarmöguleika, og með gerfigreind (t.d. Alexa) eignast hann stöðugt meiri aðgang að öllum sviðum mannlegs lífs. Fyrir Bezos er ennþá „Day One“, því möguleikar tækninnar séu rétt að byrja. [1]

Amazon er í samvinnu við NSA

NSA* fjárfesti 600 milljónir US dollara í þróun á skýja-kerfi ** í gegnum Amazon. Hið opinbera markmið þessa kerfis er að öll gögn sem NSA safnar hvaðanæva í heiminum sem og aðrar njósnatengdar upplýsingar verði fluttar út í eitt allsherjar „upplýsinga-haf“. Við það eiga NSA og 16 aðrar bandarískar njósnþjónustur að geta skiptst örar á upplýsingum og tengt þær. Amazon forstjórinn Bezos er stórhreifinn af samvinnu fyrirtækis síns við leyniþjónustuna. [2]

*Stærsta leyniþjónusta USA

**Netþjónusta sem býður upp á reikni- og minnisrýmd

Amazon opnar dyrnar

Með Amazon Key pakkatilboðinu gerir Amazon pakkasendlum og öðrum þjónustuaðilum kleift að öðlast aðgang að íbúðinni þinni að þér fjarstöddum. Kúnninn fær snjall-dyrælæsingu, nettengda eftirlitsmyndavél sem og app. Í framkvæmd þýðir þetta að þegar sendillinn kemur að íbúðinni og enginn svarar þá biður hann um aðgang með auðkennisferli frá Amazon. Um leið og fjarstýrð hurðin opnast hefur fjarstýrða eftirlitsmyndavélin upptöku. Samkvæmt öryggissérfræðingar fullyrða að hægt sé að blekkja eftirlitsvélinu með sérstökum hugbúnaði. Samkvæmt Amazon verður í framtíðinni líka hægt að opna hurðina fyrir vinum eða sérstakri þjónustuaðilum eins og t.d. hundapössun – hægt er að ákvarða þann tíma sem hurðin er þeim opin. Þar með gefa kúnnarnir ekki eingöngu Amazon aðgang að sérhverri friðhelgi síns einkarýmis heldur líka hárnákvæma skráningu á hver gengur hvenær inn í íbúðina. [5]

Amazon kemur sem vinur og hlerar alla

Með hugbúnaðnum Alexa á tengingin við kúnnann að verða enn nánari. Alexa gengur á litlu taltölvunni Echo sem er með byggð inn í hátalara með hljóðnema. Í gegnum internetið getur Alexa svarað öllum munnlegum fyrirmælum og gefið út skipun eins og t.d. að kveikja á ljósinu í stofunni. Þannig þjóna Alexa líka öðrum tækjum í húsinu, pantar hluti, spilar tónlist, segir veðurfréttir og fyrir marga telst hún „fjölskyldumeðlimur“. Engin furða þótt Alexa sé í auknum mæli byggð inn í „venjulega“ hversdagshluti eins og ísskápa, hljómtæki eða bíla. – eyru út um allt!! Að sögn á Alexa eingöngu að bergðast við orðinu „Alexa“ og kúnninn á alltaf að hafa stjórn á gögnum sínum. En það er mjög til efs þegar litið er til þess að Amazon er í samstarfi við leyniþjónustur. Fram að þessu getur Alexa ekki átt í neinum djúpum samræðum og bregst ekki við tilfinningum. Fram til þessa - því í framtíðinni á Alexa meira að segja að geta líkt eftir samkennd. Þannig væru vinunum ekki lengur treyst fyrir innilegustu áhyggjur og hugrenningum heldur með gagnarisanum Amazon – góða nótt! [3]

Gróði – í stað þarfaviðmiða

Hin risavaxna sendiþjónusta Amazon eyðileggur nýlegum vörum í gríðarlegum mæli. Í tonnatali lenda óseld föt, heimilistæki, farsímar, tölvur og matvara í ruslapressunni. Einnig skilavöru fer umsvifalaust þangað, t.d. væru öryggis- og notkunarpróf fyrir rafmagnsvörur of kostnaðarsöm. Í ljósi aukinnar þjóðarfátæktar og blómstrandi markaðs á notuðum vörum virðist síaukin gagnrýni vera réttmæt. Því um leið og vöruframboð og –neysla miðast ekki við raunverulega þörf heldur gróða og eigingjörn sjónamið er fólk og umhverfissjónamið aukaatriði. [8]

Er Amazon óstöðvandi?

Í yfir 20 ár er Amazon á þýskum markaði og vinnur markvisst að því að „selja allt“. Til að byrja með voru það bókabúðirnar sem voru óvarðar gagnvart net-viðskiptum og margar þurftu að loka. Í upphafi ársins 2017 var Amazon Fresh, sendipjónusta fyrir ferska matvöru, startað í tilraunaskyni í Þýskalandi. Eftir eitt ár olli samt efnahagsreikningurinn vonbrigðum. Þjóðverjar kaupa ferska matvöru víst frekar sjálfir. Vegna þess að Amazon vantar þéttriðði útibúsnet í Evrópu þá hafði samsteypan áhuga á fleiri stórmarkaðskeðjum. Í Frakklandi komst Amazon ekki millimetra áfram. Franska dagblaðið „Le Monde“ vitnar hvað þetta varðar í matvælabýrgja: „Amazon er ekki vinur okkar, markmið þeirra er þegar upp er staðið að éta okkur upp. Við munum ekki opna dyrnar fyrir þeim né rétta þeim matseðilinn.“ Þetta sýnir, einu gildir hversu stórt Amazon er núþegar orðið - það er í höndum okkar viðskiptavina eða fyrirtækja hvort Amazon nær heimsyfirræðum. [7]

Kúnninn kóngur - starfsmenn þrælur

2017 hafði Amazon 570.000 starfsmenn á heimsvísu. Samkvæmt einum starfsmanni Amazon í USA væri að auki hægt að reikna með hundruðum þúsunda lausráðinna sem væru meðhöndlaðir sem „þrælur“, lánaðir, mergsognir og eftir 60 – 90 daga væru þeim sagt upp, hafi þeir ekki sjálfir þegar gefist upp. Í risa lagersal þarf einn starfsmaður að leggja á sig 20 km leið. Þar að auki ríkir gríðaleg tímapressa – líka í þásum: „15 -30 mín. þásur duga varla til þess að hlaupa á salernið og hlaupa aftur til baka...“ Vel úthugað matskerfi vaktar tímamarkmið ásamt samtíma gæðaeftirliti: Ef mistök koma upp, tapar starfsmaðurinn punktum. Þar afleiðandi veldur ótti við að halda vinnunni undirróðri á öllum sviðum: „Aðalverkefni yfirmannanna er að finna ástæður til þess að segja upp starfsmanninum í síðasta lagi upp eftir 90 daga.“ Þannig sparar Amazon kostnaðinn við fastráðningu og getur alltaf leitað til „ferskra“ lausráðinna starfsmanna sem geta þolað ýkt vinnuskilyrði til skamms tíma. Þar að auki byggir Amazon lagerbyggingar sína á stöðum þar sem hlutfall atvinnulausra er hátt. Þetta er augljóslega vel úthugað og fullkomið kerfi til minni fjárútláta á kostnað fólksins. Þar með hvetur Besos til samfélags sem verður stöðugt meira háð honum. Fólk með lítil fjárráð kemur dauðuppgefið heim og eina sem það getur stunið upp er: „Alexa, færðu mér bjór!“ Ef þetta stútfulla kerfi mannfyrirlitningar verður ekki stoppað er bara spurning um tíma þangað til að stór hluti mannkynsins verður að slíkum þrælum. [7]

Hvern langar til að verða þræll snjalltölvustýrðs heims sem eingöngu þjónar eigendum þeirra? Þá getur hann einfaldlega sest í sófann og spallað við Alexu. En þeim sem finnst persónulegt samband við samferðafólk sitt mikilvægara en þægindi, hann verslar í grenndarþúðinni og gerir þessa heimildarmynd hér að umræðuefni. Þannig verður til hreyfing sambandsmiðaðs fólks sem eltir upp lífið sjálft og stoppar þessa nafnlausu og mannskemmandi samsteypustýringu !

eftir ms./kas./sch./ts./jlb./mb.

Heimildir:

[1] https://www.focus.de/finanzen/boerse/jeff-bezos-so-tickt-der-amazon-gruender_id_7437793.html

<https://www.stern.de/wirtschaft/news/amazon--wie-jeff-bezos-zum-reichsten-mann-der-welt-wurde-7784300.html>

[2] <https://deutsch.rt.com/nordamerika/71922-gemeinsam-auf-wolke-sieben-amazon-nsa/>

<https://www.nextgov.com/emerging-tech/2018/06/nsa-systematically-moving-all-its-data-cloud/149179/>

[3] „Die Abhörwanze von IM Alexa“ (Ísl: hlerunarbúnaður IM Alexu)

<https://www.taz.de/!5354650/>

<https://www.verbraucherzentrale.de/aktuelle-meldungen/digitale-welt/datenschutz/amazon-hoert-zu-echo-jetzt-auch-in-hiesigen-wohnzimmern-13149>

[4] <https://www.blaetter.de/archiv/jahrgaenge/2018/januar/amazon-fresh-oder-die-schlacht-um-die-supermarktkunden>

[5] <https://www.computerbild.de/Artikel/cb-News-Vernetztes-Wohnen-Amazon-Key-Paketbote-Wohnung-Auto-19247545.html>

<https://kenfm.de/tagesdosis-26-10-2017-amazon-hat-den-schluesel-zur-glueckseligkeit-podcast/>

[6] Vitnisburður

[7] <https://www.blaetter.de/archiv/jahrgaenge/2018/januar/amazon-fresh-oder-die-schlacht-um-die-supermarktkunden>

<https://www.businessinsider.de/ein-jahr-amazon-fresh-in-deutschland-die-bilanz-ist-fuer-den-lieferdienst-ernuechternd-2018-5>

[8] <https://kenfm.de/tagesdosis-18-6-2018-wettbewerb-fuer-die-muellpresse/>

Þetta gæti þér líka þótt áhugavert:

Kla.TV – Hinar fréttirnar ... frjálssar – óháðar – óritskoðaðar ...



- það sem fjölmiðlar ættu ekki að þegja um ...
- fáheyrt frá fólkinu, für das Volk ...
- reglulegar fréttir á www.kla.tv/is

Það borgar sig að fylgjast með!

Ókeypis áskrift með mánaðarlegu fréttabréfi á netfangið

þitt færðu hér: www.kla.tv/abo-is

Ábending öryggisins vegna:

Mótraddir eru því miður æ oftast þaggaðar niður eða þær ritskoðaðar. Svo lengi sem flytjum ekki fréttir samkvæmt áhuga og hugmyndafræði kerfispressan getum við sífellt reikna með því að leitað sé eftir tillíastæðum til þess að loka fyrir eða valda Kla.TV skaða.

Tengist því í dag óháð internetinu! Smellið hér: www.kla.tv/vernetzung&lang=is

Licence:  *Creative Commons leyfi sé höfundar getið*

Við útbreiðslu og deilingu skal höfundar getið! Efnið má þó ekki kynna tekið úr því samhengi sem það er í. Stofnunum reknum af opinberu fé (RÚV, GEZ, ...) er notkun óheimil án leyfis. Brot á þessum skilmálum er hægt að kæra.